

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar

Árfoss ehf, eigandi lóðar nr 69 við Austurveg hefur kostað og rekið öll mannvirki sem samfélagið notar innan lóðar, gatnagerð, gangstéttar, fráveitu, lýsingu ásamt viðhaldi.

Lóðareigandi hefur á sinn kostnað framkvæmt öll mannvirki innan lóðar önnur en heimtaugar vatns og rafmagns sem greitt hefur verið fyrir af lóðareiganda í formi inntökugjalda eins og reglur gera ráð fyrir.

Í ljósi þessa voru ekki innheimt gatnagerðargjöld af byggingum sem framkvæmdar voru 2015 og 2019. Voru þær afgreiðslur byggðar á ákvörðun bæjarstjórnar Árborgar sem samþykkt var 28.janúar 2008 en þar segir í áttundu grein:

Sérstakar lækkunarheimildir.

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Þegar um er að ræða gatnagerð til almenningsþarfa á landi sem er í einkaeign, s.s. vegna uppbyggingar nýrra hverfa, hvort sem um er að ræða fyrir íbúðir eða atvinnustarfsemi, er bæjarstjórn heimilt að veita allt að 80% afslátt af gatnagerðargjaldi, enda annist eigandi landsins gatnagerð innan svæðisins.

Nú stendur til að hefjast handa við byggingu húss á þeim hluta lóðarinnar sem er auðkennd 69a samanber meðfylgjandi teikningu.

Er hér með farið fram á að ekki verði innheimt gatnagerðargjöld af þessari byggingu.

Er sú ósk sett fram með tilvísun í sjöttu grein samþykpta Sveitarfélagsins Árborgar frá 15.janúar 2020 en þar segir:

6. gr.

Sérstök lækkunarheimild. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði. Þegar um er að ræða gatnagerð til almenningsþarfa á landi sem er í einkaeign, s.s. vegna uppbyggingar nýrra hverfa, hvort sem um er að ræða fyrir íbúðir eða atvinnustarfsemi, er bæjarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald, enda annist eigandi landsins gatnagerð innan svæðisins.

<https://www.arborg.is/media/gjaldskra/Samthykkt-um-gatnagerdargjold-2020-med-breytingum-jan.pdf>

Fyrir hönd Árfoss ehf
Jón Árni Vignisson



